

Nemendaráð Naustaskóla

3. fundur skólaárið 2010-2011

Dagsetning: 12. janúar 2010

Mættir; Hrannar Þór og Tumi 8.b, Brynjar 7.b., Uгла 6.b., Freyr 5.b. og Bjarney Guðrún 4.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

1. **Félagsmiðstöð.** Nú eru byrjuð opin hús einu sinni í viku fyrir nemendur í 8. bekk (þriðjudagar kl. 19:30-20:30) og stefnt að opnun einu sinni í mánuði fyrir miðstigið. Rætt um hvort móta eigi þá stefnu að opin hús fyrir unglingastig séu líka opin fyrir 7. bekk eftir áramót í samræmi við útivistartíma. Allir voru sammála því nema fulltrúar 8. bekkjar. Þetta verður rætt við fulltrúa félagsmiðstöðvar.
2. **Nemendadagurinn.** Ákveðið hefur verið að nemendadagurinn verði föstudaginn 28. janúar nk., nemendaráð stjórnar þá skólastarfinu fram að hádegi, en smíðjur verða eftir hádegi skv. stundaskrá. Form. og varaform. höfðu lagt drög að dagskrá sem var rædd nánar á fundinum og ýmsar hugmyndir komu fram. Dagskrá nánast fullmótuð en skólastjóri útfærir endanlega dagskrá í samráði við formann.
3. **HM í handbolta.** Fram hafa komið hugmyndir um hvort hægt sé að sýna einhverja handboltaleiki í skólanum. Stefnt að því að byrja á að sýna leik Íslands og Noregs fimmtudaginn 20. jan kl. 18:00 og sjá svo til með framhaldið.
4. **Söngvakeppni.** Ræddar hugmyndir um að halda söngvakeppni meðal nemenda. Skólastjóri finnur heppilega dagsetningu, rætt betur á næsta fundi. Nemendur stungu upp á nafninu N-factor.

Uгла og Brynjar rituðu fundargerð, ÁFJ yfirlýsing til birtingar.